

**Fræðslunámskeið KÍ fyrir
trúnaðarmenn.
11. október 2017**


**Réttindi og skyldur
trúnaðarmanna**



RÉTTINDI OG SKYLDUR TRÚNAÐARMANNA

Aðalheiður Steingrímisdóttir

Fræðslunefnd KÍ




Efnisyfirlit

- Lög og samkomulög um trúnaðarmenn
- Kosning
- Hlutverk
- Fyrirspurnir, aðstoð, að vísa málum
- Réttindi
- Heilræði




Yfirlit yfir lög og samkomulög um trúnaðarmenn

- Lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, gr. 9.-13. um trúnaðarmenn.
- Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, gr. 28.–30. um trúnaðarmenn.
- Samkomulag BHMR og fjármálaráðherra 9. janúar 1989 um trúnaðarmenn.
- Bréf menntamálaráðherra til KÍ 11. ágúst 1989 um trúnaðarmenn.
- Lög KÍ, 15. gr., um trúnaðarmenn.
- Ákvæði kjarasamninga.




Lög KÍ, 15. gr. – Trúnaðarmenn

- Stjórn Kennarasambands Íslands hlutast til um að á hverjum vinnustað sé kjörinn trúnaðarmaður þar sem félagsmenn þess starfa, sbr. lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- Stjórnir aðildarféлага skulu halda fundi og námskeið með trúnaðarmönnum svo oft sem þurfa þykir.
- Stjórn KÍ skipuleggur fræðslu fyrir trúnaðarmenn um mikilvæg réttinda- og hagsmunamál með það að markmiði að auka samstarf aðildarféлага KÍ.
- Trúnaðarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn og skal stjórn viðkomandi aðildarfélags og forstöðumanni stofnunar tilkynnt skriflega um kjör hans.
- Hverfi trúnaðarmaður úr starfi í viðkomandi skóla eða stofnun áður en kjörtímabili hans lýkur skal kjósa trúnaðarmann í hans stað til tveggja ára.




Yfirlit yfir lög og reglur um aðkomu trúnaðarmanna að vinnuverndarstarfi á vinnustöðum

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.




Kosning trúnaðarmanna – 28. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna

- Á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. fimm menn vinna er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann.
- Á vinnustöð þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn.
- Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn.
- Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.
- Sjá eyðublöð á heimasíðu KÍ.




Kosning trúnaðarmanna – 28. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna

- Trúnaðarmaður er kosinn af félagsmönnum KÍ á vinnustaðnum.
- Varatrúnaðarmaður hefur ekki stöðu trúnaðarmanns samkvæmt lögum.
- Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðvum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda.
- Stéttarfélögum er einnig heimilt að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en lögin kveða á um.
- Hjá FSL eru formenn svæðaskiptrar samráðsnefndar trúnaðarmenn og hjá SÍ eru formenn svæðafélaga trúnaðarmenn - samkvæmt lögum félaganna.
- Í skólum með færri en fimm félagsmenn tilnefna þeir tengil.




Hlutverk

- Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélags á vinnustað og tengiliður milli félagsmanna á vinnustað og vinnuveitanda annars vegar og milli félagsmanns og stéttarfélags hins vegar.
- Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.
- Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að **rannsaka málið þegar í stað** er umkvartanir berast eða **hann hefur ástæðu til að ætla** að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags.
- Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að **umkvartanir eða grunur** hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda um lagfæringu.




Hlutverk

- Trúnaðarmaður skal gefa **starfsmönnum og stéttarfélagi skýrslu** um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið.
- Einnig gefur hann **sömu aðilum skýrslu** um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra, svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.
- Upplýsir stéttarfélag um gang mála þegar með þarf, vísar málum sem ekki tekst að leysa á vinnustað til stéttarfélags.
- Veitir félagsmönnum og vinnuveitanda upplýsingar um kjarasamninga, réttindi og skyldur.
- Er áheyrandi í starfsmannasamtölum ef félagsmaður og/eða yfirmaður óskar þess, sem „hlutlaus þriðji aðili“.




Hlutverk

- Sér um atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna á vinnustað svo sem um kjarasamninga og boðun verkfalls.
- Kemur fræðslu, kynningarefni og skilaboðum frá stéttarfélagi til félagsmanna á vinnustaðnum. Aflar upplýsinga fyrir stéttarfélag þegar þess er óskað.
- Sér um undirbúning og framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanna.




Hlutverk

- **Upplýsingaskylda yfirmanns til trúnaðarmanns** ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni.
- Jafnframt skal láta trúnaðarmanni í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfann.
- Upplýsingaskylda yfirmanns er mjög mikilvæg vegna **eftirlitshlutverks trúnaðarmanna** með framkvæmd kjarasamninga, auglýsinga og ráðninga.
- Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.




Hvert skal beina fyrirspurnum – leita eftir upplýsingum, aðstoð, vísa málum?

- Almenna reglan að vísa málum sem ekki tekst að leysa á vinnustaðnum til viðkomandi aðildarfélags.
- Ákvörðun um þörf fyrir lögfræðiráðgjöf er hjá formanni viðkomandi aðildarfélags.
- Fyrirspurnir um sjóði KÍ og aðildarfélagana – sjóðir.
- Almennar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða leik- og grunnskóla – félags- og kjaramál sesselja@ki.is og throstur@ki.is
- Sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða öll aðildarfélög, – félags- og kjaramál gudjon@ki.is og formenn aðildarfélagana.
- Almennar og sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða framhaldsskóla – félags- og kjaramál anna@ki.is og steinunn@ki.is
- Almennar og sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða tónlistarskóla – formaður FT.




Réttindi

- Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.
- Trúnaðarmönnum er heimilt að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum stéttarfélagsins í allt að eina viku á ári án skerðingar á reglubundnum launum.
- Í öllum tilvikum skal tilkynna yfirmanni stofnunar með eðlilegum fyrirvara um slíkar fjarvistir.
- Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m.a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o.s.frv.




Réttindi

- Trúnaðarmenn og stéttarfélög geti haldið vinnustaðafundi enda séu slíkir fundir ekki til verulegs ónæðis fyrir starfsemi eða þjónustu viðkomandi stofnunar.
- Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.
- Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.
- Trúnaðarmaður situr að öðru jöfnu fyrir um að halda vinnunni ef hann er ráðinn með ótímabundinni ráðningu.




Heilræði

- Aðgreina hvenær trúnaðarmaður talar og hvenær starfsmaðurinn talar.
- Vera sýnilegur á vinnustaðnum, hafa vakandi auga, kynna sig og hlutverk trúnaðarmanns fyrir samstarfsfólki og yfirmanni.
- Skrá niður erindi og mál - nota síðar ef með þarf.
- Tryggja að skoðun/rannsókn fari fram á málum sem koma upp - koma málum í farveg og leiðbeina, aðstoða, fylgja málum eftir, ekki leyfa málum að daga uppi.
- Aðkoma að málum, úrvinnsla mála – leiðarljósið er aðstoð við að finna lausnir, kynna sér málavexti, leita skýringa, safna upplýsingum og gögnum, fara fram á úrbætur/lagfæringu þegar með þarf.



Heilræði

- Vera málefnalegur, nákvæmur, hlusta vel, spyrja spurninga, ekki staðhæfa eða setja sig í dómarasæti.
- Samstarf - en líka að vinna sjálfstætt, virða trúnað um upplýsingar og gögn.
- Leita upplýsinga hjá stéttarfélagi ef vafi leikur á til hvaða ráða skuli gripið, halda stéttarfélagi upplýstu um gang mála ef með þarf.
- Ef mál leysast ekki á vinnustaðnum, vísa máli til stéttarfélags með samþykki félagsmanns, stéttarfélagið ákveður hvort leita eigi lögfræðiráðgjafar.
- Æskilegt að vísa flóknum einstaklingsmálum strax til stéttarfélags.



Heilræði

- Trúnaðarmaður þarf ekki að vita allt, getur ekki alltaf gefið svör strax, aflar sér upplýsinga til að vera viss um að gefa rétt svör og/eða vísar á þann sem getur gefið svör.
- Trúnaðarmaður starfar aldrei einn – samstarf við stéttarfélag, samstarfsfólk, yfirmenn.
- Hver og einn sinnir trúnaðarmannsstarfinu eftir bestu getu.

